



Félag löggiltra
endurskoðenda

Reykjavík, 28. janúar 2026

Atvinnuvegaráðuneytið

Málsheiti og númer: **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga, nr. 3/20 (stærðarhlutföll, endurskoðunarmörk, skilafrestir o.fl.). – ATRN25060309.**

Álitsnefnd Félags löggiltra endurskoðanda (FLE) hefur tekið málið til skoðunar. FLE vill koma eftirfarandi á framfæri.

Stærðarmörk félaga

Almennt

FLE telur mikilvægt að gengið sér úr skugga um það hvort önnur lagaákvæði kunni að vera tengd stærðarmörkunum og að áhrif breytinga á stærðarmörkum á önnur lagaákvæði séu skoðuð til hlítar. Sama gildir eftir því sem við á um breytingar á skilafrestum ársreikninga.

Æskilegt er að með lagafrumvarpi um breytingar á stærðarmörkum verði að finna greiningu á því hversu mörg félög falla í hvern og einn stærðarflokk samkvæmt núgildandi mörkum og hversu hátt hlutfall örfélaga nýtir sér að gera „hnappsreikning“ þannig að ljóst sé hver áhrifin af breytingum á stærðarflokkun muni verða. Að sama skapi væri gagnlegt að í frumvarpi væri að finna upplýsingar um hversu mörg félög eru nú endurskoðunarskyld og hver áhrif breytinga á endurskoðunarmörkum yrðu á fjölda endurskoðunarskyldra félaga.

Færsla milli flokka og endurskoðunarskylda

Að mati FLE er afar brýnt að um leið og breytingar verði gerðar á stærðarmörkum félaga og endurskoðunarmörkum sé orðalag 11. tölul. 2. gr., sem fjallar um breytingu á stærðarflokkun félags og 1. mgr. 98. gr., sem fjallar um endurskoðunarskyldu, lagað.

Mikil óvissa og skiptar skoðanir eru um það hvort ný stærðarflokkun eigi við um það reikningsár sem félag fer yfir eða undir viðmiðunarmörk í annað sinn eða hvort ný stærðarflokkun eigi við frá og með þriðja ári. Sama gildir um það hvenær endurskoðunarskylda myndast, þ.e. hvort hún myndist fyrir það ár sem félag fer í annað sinn yfir mörk endurskoðunarskyldu eða frá og með þriðja ári. Í 11. tölul. 2. gr. segir að flokkun félaga skuli ekki breytast nema félag fari annaðhvort yfir eða undir viðmiðunarmörk *viðkomandi og síðastliðins reikningsárs* en í 98. gr. að félag sé undanþegið endurskoðunarskyldu sé það undir tilgreindum stærðarmörkum *tvö næstliðin reikningsár*.

Það er mat álitsnefndar að samkvæmt núverandi orðalagi færist félag í nýjan flokk frá og með þriðja ári enda byggja viðmiðin, auk viðmiðs um ársverk, á veltu ársins og eignum í árslok. Sama á við um endurskoðunarskyldu. Það er í mörgum tilvikum óljóst hvort félag sem farið hefur yfir (eða undir) mörk á tilteknu ári muni gera það aftur á næsta ári. Þetta á t.a.m. við um félög sem selja vörur í erlendri mynt og félög þar sem efnahagsliðir svo sem birgðastaða í árslok (t.d. lífmassi hjá fiskeldisfyrirtæki) geta verið mjög breytilegir milli ára.

Þetta óskýra orðalag skapar mikla óvissu og skiptir ekki síst máli þegar um er að ræða félag sem verður að einingu tengdri almannahagsmunum þegar það fellur í flokk stórra félaga og þarf m.a. að skipa endurskoðunarnefnd og skoða hvort endurskoðandi þess hafi mögulega veitt því þjónustu sem óheimilt er að veita samhliða endurskoðun skv. reglugerð 537/2014.

Fyrir utan það að orðalag fyrrnefndra lagagreina bendir til þess að mati álitsnefndar að ný stærðarflokkun og ef við á endurskoðunarskylda, myndist á þriðja ári, þá væri það íþyngjandi og jafnvel ógjörningur fyrir félög að þurfa að grípa til viðeigandi ráðstafana ef það verður ekki ljóst fyrr en síðla árs, eða jafnvel eftir lok reikningsárs, að það muni fara eða hafi farið yfir tiltekin mörk annað árið í röð.

Stærðarmörk örfélaga sem mega nýta sér hnappinn og upplýsingagjöf í hnappsreikningum

Í áformaskjalinu segir að stærðarmörk félaga í lögum um ársreikninga séu nú þau sömu og innan EES og að með frumvarpinu sé verið að hækka þau til samræmis við breytingar innan ESB, nánar tiltekið um 25%. Hér er um að ræða innleiðingu á tilskipunarákvæðum og gerir FLE því ekki athugasemdir við hækkun þeirra marka en vill benda á að það er ekki fyllilega ljóst í áformaskjalinu hvort til standi að hækka jafnframt mörk „hnappsfélaga“, þ.e. heimild örfélaga til að semja rekstraryfirlit og efnahagsyfirlit byggt á skattframtali, sbr. 7. mgr. 3. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006. Má hér nefna að mörk örfélaga, sem þar með mega flest hver nýta sér hnappinn, eru á Íslandi mun lægri en þau mættu vera samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar en þau mörk væru samkvæmt tilskipun (eftir 25% hækkun og miðað við að gengi evru gagnvart krónu sé 150) 135 millj. kr. velta, 67,5 millj. kr. eignir og 10 starfsmenn. Núgildandi viðmið í ársreikningalögum er 40 millj. kr. velta, 20 millj. kr. eignir og 3 starfsmenn.

Það væri í samræmi við hækkun annarra stærðarmarkna að hækka viðmið örfélaga um 25%. FLE vill benda á að þrátt fyrir það að í fyrrnefndri lagagrein segi að slík rekstrar- og efnahagsyfirlit teljist gefa glögga mynd má deila um það hvort svo sé í raun og veru. Upplýsingagildi slíkra yfirlita er fremur takmarkað og það væri æskilegt að bæta hnappsreikninga. FLE leggur því til að ráðuneytið leggi heildstætt mat á það hvort hnappsreikningar gefi í raun og veru glögga mynd eða hvort ástæða sé til að bæta slík yfirlit þannig að fram komi ítarlegri upplýsingar en nú er raunin.

Skilafrestir

Í áformaskjalinu segir að með breytingum á tímamörkum á skilum ársreikninga til ársreikningaskrár sé verið að koma til móts við ábendingar frá endurskoðendum um að dreifa álagi skila yfir lengri tíma.

Í áformaskjalinu segir:

„Í öðru lagi er um að ræða breytingar er lúta að skilum ársreikninga til opinberrar birtingar. Er verið að leggja til að stærri og kerfislega mikilvæg félög skili ársreikningi fyrr á árinu en minni félög og lengja skilafrestinn fyrir örfélög.“

Af framangreindu orðalagi má ætla að lenging á skilafresti eigi við um öll örfélög, hvort sem þau nýta sér hnappinn og gera þar með ekki eiginlegan ársreikning, eða ekki. Það þarf að vera skýrt í lagafrumvarpi að ætlunin sé að lengja frestinn fyrir öll örfélög en ekki eingöngu þau sem nýta sér hnappinn. Rétt er að benda á að þau örfélög sem nýta sér hnappinn hafa nú þegar þann frest sem ríkisskattstjóri veitir fyrir skil á skattframtölum, sbr. 2. mgr. 109. gr. ársreikningalaga, en sá frestur hefur undanfarin ár verið til loka september. Ef lenging skilafrests á eingöngu við um þau örfélög sem nýta sér hnappinn til skila er líklegt að breytingin yrði ekki ívilnandi í raun fyrir örfélög, að öðru leyti en því að verði stærðarmörk örfélaga hækkuð munu fleiri félög en nú er falla í þann flokk og geta þá nýtt sér lengri skilafrest.

Í áformaskjalinu segir að ætlunin sé að stytta skilafrest fyrir stærri og kerfislega mikilvæg félög. Í lagafrumvarpi þarf að gæta að því að það sé ljóst um hvaða félög er að ræða, þ.e. samræma hugtakanotkun við orðalag laganna. Leiða má líkur að því að með stærri félögum sé átt við félög sem flokkast sem stór félög samkvæmt lögnum og með kerfislega

mikilvægum félögum sé átt við félög sem teljast einingar tengdar almannahagsmunum en það þarf að vera skýrt.

Með því að stytta skilafrest stærri og kerfislega mikilvægra félaga er ekki verið að létta vinnuálagi, hvorki á endurskoðendur né fyrirtækin sjálf, heldur þvert á móti að auka vinnuálagið. Því þarf að vera tryggt, sé ætlunin í raun og veru að jafna vinnuálag, að nægilega mörg félög fái á móti lengri skilafrest en nú er.

FLE telur mjög æskilegt að stytting á skilafresti stærri og kerfislega mikilvægra félaga taki ekki gildi fyrr en á næsta ári, þ.e. þegar kemur að ársreikningum ársins 2026. Félög og fagaðilar eru þegar farin að skipuleggja vinnu sína og tímasetningu uppgjöra vegna ársreikninga ársins 2025 og það væri því íþyngjandi afturvirk lagasetning ef ekki yrði sett í lög in bráðabirgðaákvæði hvað þetta varðar.

Mörk endurskoðunar

Í áformaskjalinu segir að farið verði yfir endurskoðunarmörkin í lögum um ársreikninga en ekki kemur fram hvernig áformað er að breyta þeim. Það væri til samræmis við fyrirhugaðar breytingar á öðrum viðmiðunarmörkum að hækka þau mörk um 25%. Endurskoðunarmörkin hafa staðið óbreytt frá því árið 2013 og því er tímabært að þau verði endurmetin. FLE telur að það geti verið skynsamlegt að hækka þau nú til samræmis við hækkun á öðrum stærðarmörkum en telur að æskilegt væri að þau yrðu skoðuð að nýju þegar lög um bókhald verða endurskoðuð, þ.á.m. skoðunarmannakerfið og leggur til að það komi fram í greinargerð að mörkin kunni að breytast að nýju samhliða endurskoðun á lögum um bókhald sem FLE veit að stendur til að gera á næstunni.

Virðingarfyllst,

f.h. Félags löggiltra endurskoðenda

Unnar Friðrik Pálsson,
Framkvæmdastjóri FLE